

Nd.

394. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 14. júní 1929, um tannlækna.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

1929 voru sett lög um tannlækna. Í 4. gr. þeirra l. er sett bann við því, að öðrum en tannlæknum eða þeim, er tannlækningaleyfi hafa, sé heimilt að setja gerfitennur eða tanngarða í menn. Ákvæði þetta átti þó ekki að ná til lækna, er sannað gætu, að þeir hefðu aflað sér nægilegrar þekkingar í þeirri grein.

Með lögum nr. 34/1932 er þetta ákvæði rýmkað þannig, að dómsmálaráðuneytinu sé heimilt að veita mönnum, er lokið hafa tannsmíðanámi, leyfi til þess að setja gerfitennur eða tanngarða í menn í samráði við héraðslækna í þeim héruðum, sem séu tannlæknalaus.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, fer í þá átt að heimila tannsmiðum að setja gerfitennur og tanngarða í menn, ef þeir sanna fyrir heilbrigðisstjórn, að þeir hafi til þess nægilega þekkingu.

Utan Reykjavíkur og Akureyrar munu nú starfandi við tannsmíðar þrjár konur, er fengið hafa leyfi dómsmálaráðuneytisins til tannsmíða.

Minni hl. n. telur, að þar til almenn löggjöf verði sett um réttindi og skyldur tannsmíða almennt, sé eðlilegt og sjálfsagt, að þeir, sem þegar hafa fengið leyfi til að starfa sjálfstætt sem tannsmíðir, fái að halda því leyfi áfram. en ekki sé hægt að svipta þá fyrirvaralaust slíku leyfi, þótt tannlæknar kunni að setjast að, þar sem tannsmiður vinnur fyrir, enda væri önnur regla mjög ósanngjörn og í heinni andstöðu við reglur þær, sem í svipuðum tilfellum gilda.

Minni hl. n. vill því, að frumvarpið verði afgreitt með svo hljóðandi

BREYTINGU:

Síðari málsliður 1. gr. orðist þannig:

Þetta nær þó ekki til þeirra tannsmíða, er þegar hafa fengið leyfi til að starfa sjálfstætt, enda haldi þeir þá þessu leyfi fyrst um sinn, þar til ákvæði verða sett í lögum um réttindi þeirra og skyldur.

Alþingi, 12. febr. 1947.

Sigurður E. Hlíðar,
form.

Garðar Þorsteinsson,
frsm.